

**18** ná í aðra fyrir samilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafn-  
31. marz skjótt og hægt er.

#### IV. KAFLI

##### Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

###### 52. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—50 krónum, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem bygginganefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rífið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi bygginganefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi bygginganefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

###### 53. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlzt gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarhrepps hefir samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 20. október 1905, sbr. lög nr. 55, 27. júní 1921, til þess að öðlast gildi 15. apríl 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samöngumálaráðuneytið, 31. marz 1933.*

**Þorsteinn Briem.**

*Páll Pálmason.*

**19** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Skúla prófasts  
31. marz Skúlasonar“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 31. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

### SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Skúla prófasts Skúlasonar.

#### 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um eiginmann minn, séra Skúla Skúlason, fyrrum sóknarprest í Odda og prófast í Rangárþingi, af vinum hans með minningargjöfum í sambandi við útför hans 7. marz 1933.

## 2. gr.

Höfuðstóllinn er 1200.00 kr.; geymist hann í Söfnunarsjóði Íslands og ávaxtast þar samkvæmt þeim reglum, sem teknar eru fram í skipulagsskrá þessari.

## 3. gr.

Höfuðstóllinn má aldrei skerða. En auka má sjóðinn með minningargjöfum sem síðar kynnu að verða afhentar.

## 4. gr.

Unz höfuðstóllinn er orðinn 2400 kr. skal leggja alla vexti við höfuðstól, en upp frá því má verja helmingi vaxta til styrktar þurfandi sjúklingum í Odda-prestakalli í Rangárfingi. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 5000 kr. má verja  $\frac{3}{4}$  vaxta ár hvert í sama tilgangi, en  $\frac{1}{4}$  leggst upp frá því við höfuðstól til sjóðs-aukningar.

Styrknum skal ár hvert úthlutað á fæðingardegi séra Skúla sál. 26. apríl.

## 5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn: sóknarpresturinn í Odda, héraðs-læknirinn í Rangárvallahéraði og ein af konum safnaðarins, sem sóknarnefnd Oddasóknar tilnefnir.

## 6. gr.

Reikning sjóðsins skal ár hvert birta í Lögbirtingablaði.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík 26. marz 1933.

*Sigríður Helgadóttir.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Menningar- og framfarasjóð Súgfirðinga“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir menningar- og framfarasjóð Súgfirðinga.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningar- og framfarasjóður Súgfirðinga“.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 1000 — eitt þúsund — króna framlagi frá Suðureyrarhreppi.